



# Hestatrygging

Skilmáli E-24

Hestatrygging er víðtæk trygging sem tryggir hesta á Íslandi til 15 vetra og hentar tryggingin hestaeigendum, hvort sem þeir eiga reiðhesta eða hesta til ræktunar og undaneldis. Tryggingin mætir ófyrirsjáanlegum kostnaði vegna slysa og veikinda tryggðra hesta.

Um trygginguna gilda tryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Sjúkdómur:** Með orðinu sjúkdómur er átt við að hesturinn verði veikur af þekktum og skilgreindum hrossasjúkdómi sem ekki er sérstaklega undanskilinn í þessum skilmála.

**Slys:** Með orðinu slys er átt við skyndilegan atburð, utanaðkomandi eða fyrir verknað hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem stjórnar honum.

### Efnisyfirlit

- Líf- og heilsutrygging (valkvæð)
- Sjúkrakostnaðartrygging (valkvæð)
- Ábyrgðartrygging (valkvæð)
- Almenn ákvæði

## 1. Kafli. Líf- og heilsutrygging

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á tryggingarskírteini.

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur:

- ef hestur deyr af slysi eða sjúkdómum, eða nauðsynlegt reynist að aflífa hann samkvæmt ráðleggingum dýralæknis eða samkvæmt ákvæðum laga um velferð dýra nr. 55/2013.
- ef hesti er stolið eða hann tapast og finnst ekki innan 120 daga frá því tilkynning um hvarf hans barst félaginu, enda hafi tryggður haldið uppi eðlilegri eftirgrennslan með leitaraðgerðum og opinberum auglýsingum. Félaginu er heimilt að kosta leitaraðgerðir og/eða auglýsingar, en kostnaður félagsins vegna þess, dregst frá bótum, komi til uppgjors þeirra. Hámarksbætur samkvæmt þessum lið er 75% af tryggingarfjárhæð.
- ef hesturinn missir algera heilsu sína varanlega en lifir eða tjónsatburðurinn rýrir hestinn alveg því notagildi sem tilgreint er í beiðni og fram kemur á tryggingarskírteini, eru bætur greiddar að frádregnu matsverði hans eftir tjónsatburð. Hámarksbætur samkvæmt þessum lið eru 75% af mismun matsverðs fyrir og eftir tjónsatburð, þó aldrei hærra en 75% af tryggingarfjárhæð.

Tryggingartaki skal geta sýnt fram á að hesturinn hafi skjalfesta verðleika og að hann hafi stundað tilgreinda vinnu eða verið við notkun þar til tjónsatburðurinn átti sér stað.

Við uppgjör tjóns samkvæmt þessu ákvæði fellur tryggingin niður að fullu við næstu endurnýjun.

## 2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- geðslagsvandamála né arfgengra eða meðfæddra sjúkdóma eða kvilla.
- atvika sem hafa komið upp eða greind eru áður en trygging tók gildi svo og sjúkdóma sem upp koma innan 30 daga frá gildistöku tryggingarinnar.
- tilskipana yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- verðfalls hests, þótt um sé að ræða afleiðingar af slysi eða sjúkdómum, ef tilgreint notagildi á tryggingaskírteini er óbreytt.
- ófrjósemi, nema þess sé getið á tryggingaskírteini að kynbótahross til undaneldis sé tryggt.
- aldurstengdra sjúkdóma.
- spatts.
- keppni, nema þess sé getið á tryggingaskírteini að keppnishestur sé tryggður.

## 3. gr. Varúðarreglur

- Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun skal vera í samræmi við ákvæði laga um velferð dýra nr. 55/2013 á hverjum tíma auk reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem eiga við.
- Hesturinn skal vera bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Lyf skulu notuð reglulega til að eyða lús.
- Ormahreinsun skal fara fram a.m.k. tvisvar á ári eða oftari eftir ráðleggingum dýralækna.
- Vanda skal umhirðu tanna og hófa og skal viðhafa reglulega fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem röspun tanngadda, tálgun og hreinsun hófa auk eðlilegra járninga reiðhesta.
- Fylgja skal reglum sveitarfélaga um lausagöngu. Kappkosta skal að halda hestinum innan fyrirhugaðra og löglegra svæða með reglulegu eftirliti og viðhaldi girðinga.

## 2. Kafli. Sjúkrakostnaðartrygging

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á tryggingaskírteini.

Um sjúkrakostnaðartryggingu gilda líka aðrir hlutar þessa skilmála eftir því sem við á, svo sem varúðarreglur.

## 4. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir réttmætan, sanngjarnan og ófyrirséðan dýralækniskostnað sem er bein afleiðing af slysum eða sjúkdómum hins tryggða hests.

Dýralækniskostnaður telst vera:

- greiðslur til dýralæknis og dýraspítala vegna skoðunar og meðferðar sökum sjúkdóms eða slyss.
- lyf sem dýralæknir eða annar sérfræðingur afhendir og gefur hestinum við skoðun eða meðferð sökum sjúkdóms eða slyss.
- tannviðgerð vegna slyss.
- keisaraskurður.
- nauðsynlegur flutningur á hesti til og frá dýralækni vegna sjúkdóms eða slyss.

## 5. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki kostnað vegna:

- atvika sem komið hafa upp áður en trygging þessi tók gildi né sjúkdóma sem koma í ljós innan 30 daga frá gildistöku tryggingarinnar.
- geðslagsvandamála eða arfgengra og/eða meðfæddra kvilla.
- rannsókn eða meðferð í forvarnarskyni, eða vegna afbrigðilegs vaxtar og afleiddra sjúkdóma.
- geldinga, ófrjósemisaðgerða eða fæðingar afkvæma.
- járninga og umhirðu hófa, tannhirðu eða ormahreinsunar.
- fóðurs, fæðubótarefna eða hreinlætisvara.
- hjálparkækja eða heilsuvara, jafnvel þótt dýralæknir ráðleggi eða fyrirskipi notkun.
- vottorða og lyfseðla dýralækna eða dýraspítala nema að þeirra sé óskað af félaginu.
- aukaálags á lækniskostnað vegna dýralæknisvitjunar utan venjulegs dagvinnutíma nema að brýna nauðsyn hafi borið til.

### 3. Kafli. Ábyrgðartrygging

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á tryggingarskírteini.

**6. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin tekur til tryggingaratburðar af völdum hins tryggða hests sem verður á tryggingartímabilinu og veldur líkamstjóni eða skemmdum á munum, enda sé skaðabótaskyldan ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu, ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.

**7. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- sem fjölskylda og skyldmenni á heimili tryggingartaka verður fyrir. Hið sama á við um fjölskyldu þess sem hefur hestinn í hvers kyns vörslum svo sem í gæslu, leigu, til afnota, í haga eða heimsókn hverju sinni. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) tryggðs, börn og annað skyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
- á munum sem þeir aðilar, skv. a. lið, hafa að láni, til leigu, til geymslu eða eru í þeirra vörslu af öðrum ástæðum, þ.m.t. munum sem teknir hafa verið í heimildarleysi.
- sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum um lausagöngu dýra, merkingar þeirra eða öðrum settum reglum.

**8. gr. Samningur við tjónþola**

Tryggður skal leita samráðs við félagið ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talin eiga sök á vegna tryggðs hests. Félagið á allan rétt til að annast samninga við tjónþola (þann sem kröfu gerir á hendur tryggðum) og eftir atvikum að annast málsvörn. Félaginu er heimilt að greiða bætur beint til tjónþola.

Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið.

### 4. Kafli. Almenn ákvæði

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar tryggingar eftir því sem við á.

**9. gr. Hvað er tryggt?**

Hið tryggða er sá hestur sem tilgreindur er á tryggingarskírteini og kemur fram í beiðni um trygginguna.

**10. gr. Hver er tryggður?**

Hinn tryggði er tryggingartaki þessarar tryggingar. Trygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa eða aðra sem njóta óbeinna eignarréttinda nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað sérstaklega á tryggingarskírteini.

**11. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Trygging þessi tekur aðeins til tjónsatvika á Íslandi.

**12. gr. Varúðarreglur**

Tryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á tryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. vsl.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2025